



Fundargerð

350. afgreiðslufundur byggingarfulltrúa,
haldinn að Tjarnargötu 12, Tjarnakaffi,
1. júní 2023, kl. 08:30

Viðstaddir:

Sveinn Björnsson byggingarfulltrúi, Maríanna H. Einarsdóttir forstöðumaður skráningar,
Gunnar Kr. Ottósson skipulagsfulltrúi, Hilmar Örn Arnórsson verkefnastjóri
byggingarfulltrúa, Sigurður Þór Sigurðsson fulltrúi og Brynja Þóra Valtýsdóttir ritari.

* * *

1. Brekadalur 48 (2023030103)

Umsókn um byggingarleyfi í umfangsflokki II fyrir einbýlishúsi á tveim hæðum sbr. aðaluppdráttum M11 ARKITEKTUM dags. 01.03.2023. Erindið var áður á dagskrá 13.03.2023, þá vísað til skipulagsráðs, skipulagsbreyting samþykkt eftir grenndarkynningu.

Byggingaráform samþykkt. Erindið uppfyllir gildandi skipulagsskilmála.

2. Faxabraut 32A (2022110163)

Umsókn um byggingarleyfi í umfangsflokki II fyrir að skipta íbúð 0201 í tvær sjálfstæðar eignir sbr. aðaluppdráttum frá GLÓRU teiknistofu dags. 07.11.2022. Erindið var áður á dagskrá 08.12.2022, þá frestað, ný gögn hafa borist.

Erindi hafnað, uppfyllir ekki skilyrði byggingarreglugerðar.

3. Háaleiti 15 (2023030410)

Umsókn um byggingarleyfi í umfangsflokki I fyrir stækkun á bílgeymslu og viðbyggingu yfir svalir sbr. meðfylgjandi gögnum. Erindið fór fyrir Umhverfis- og skipulagsráð. Skipulagsbreyting samþykkt eftir grenndarkynningu.

Byggingaráform samþykkt. Erindið uppfyllir gildandi skipulagsskilmála.

4. Hólmgarður 2A (2022060001)

Umsókn um byggingarleyfi í umfangsflokki I fyrir breytingum á innra skipulagi og breytingum á útisvæði sbr. aðaluppdráttum D. Hildibergs dags. 31.05.2022. Erindið var áður á dagskrá 09.06.2022, þá frestað þar sem samþykki meðeiganda vantaði. Ný gögn hafa borist.

Byggingaráform samþykkt. Erindið uppfyllir gildandi skipulagsskilmála.



5. Sólvallagata 2 (2023050532)

Umsókn um byggingarleyfi í umfangsflokki I fyrir breytingum innanhúss sbr. aðaluppdráttum JeES arkitektum dags. 15.05.2023.

Byggingaráform samþykkt. Erindið uppfyllir gildandi skipulagsskilmála.

6. Hafnargata 39 (2023050533)

Umsókn um byggingarleyfi í umfangsflokki I fyrir breytingum innan- og utanhúss, breyta veitingarstað í gistirými, sbr. aðaluppdráttum JeES arkitektum dags.04.05.2023.

Byggingaráform samþykkt. Erindið uppfyllir gildandi skipulagsskilmála.

7. Bogatröð 1 (2023040219)

Umsókn um byggingarleyfi í umfangsflokki I fyrir breytingum sbr. aðaluppdráttum Emils Þórs Guðmundssonar dags. 12.12.2022.

Byggingarheimild samþykkt. Embætti byggingarfulltrúa gerir ekki athugasemd við erindið.

8. Klettatröð 9A (2023050616)

Umsókn um stöðuleyfi til eins árs fyrir 3. stk. gámum, meðfylgjandi er mynd af staðsetningu.

Stöðuleyfi veitt í eitt ár.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 08:51